

Leiðbeiningar um flokkun og frágang á heyrúlluplasti



Flokkun á heyrúlluplasti

Árlega eru um 2000 tonn af heyrúlluplasti flutt til landsins. Til að draga úr urðun á plastinu og auka hlut endurvinnslu er lagt úrvinnslugjald á plastið sem síðan fæst endurgreitt þegar því er skilað til endur- eða orkuvinnslu. Úrvinnslugjaldið gerir Íslenska Gámafélaginu kleyft að sækja plastið heim til bænda í þeim sveitarfélögum sem eru í þjónustu þess.

Það plast sem Íslenska Gámafélagið safnar er sent til endurvinnslu. Óhreint plast hentar ekki til endurvinnslu. Því er mikilvægt að það sé hreint og laust við aðskotahluti þegar því er safnað. Í þessari handbók eru leiðbeiningar um hvernig best er að ganga frá heyrúlluplastinu á sem einfaldastan hátt svo það verði hæft til endurvinnslu.

Frágangur

Til þess að heyrúlluplastið sé hæft til endurvinnslu er mikilvægt að vanda fráganginn vel. Því er mikilvægt að hafa eftirfarandi atriði í huga:

- **Hafa einfalda og þægilega leið til að safna því og geyma.** Þegar tekið er utan af rúllum er gott að hrista allt lauslegt af plastinu.
- **Hafa plastið hreint til að hægt sé að endurvinna það.** Ef óhreinindi loða við vegna bleytu er gott er að þurrka plastið í 1-2 daga og hrista það síðan aftur en þá ætti restin af heyinu og öðrum óhreinindum að losna frá.
- **Geyma heyrúlluplastið á aðgengilegum stað þegar starfsmaður Íslenska Gámafélagsins kemur og sækir það.** Mikilvægt að velja hentugan stað þar sem plastið helst hreint og þurrt.



Dæmi um geymsluaðferðir

Hér að neðan eru sýndar tvær mismunandi aðferðir til að geyma plastið svo það taki sem minnst pláss:

Plastinu þjappað saman í kassa

Bönd lögð í botninn

Plastinu þjappað ofaní

Bundið utanum



Plastinu safnað í fiskikar

Plast lagt í botninn

Plastinu þjappað í karið

Plastið bundið utanum



Til að minnka ummál baggans er gott að hafa þungan hlut sem lagður er ofan á plastið til að þjappa því saman.

Athugið! Net, bönd og önnur plastefni mega ekki blandast heyrúllplastinu.



Til þess að heyrúllplastið haldist hæft til endurvinnslu þarf að halda því hreinu og lausu við alla aðskotahluti.

Íslenska Gámafélagið getur tekið við neti og áburðarpokum í sömu ferð og heyrúllplastið er sótt. Mikilvægt er þó að halda þessum flokkum aðskildum og vel pökkuðum. T.d. má fylla áburðarpoka með hreinum áburðarpokum og loka fyrir. Net má setja í sér poka þannig að þau blandist ekki heyrúllplastinu í flutningi.

Endurvinnsla á heyrúlluplasti

Eftir að heyrúlluplastið hefur verið sótt til bænda, er það flutt til flokkunarstöðvar Íslenska Gámafélagsins. Þar er plastið pressað í bagga og flutt til endurvinnslu. Endurvinnslan fer fram ýmist á Íslandi eða erlendis. Afurð endurvinnslunnar eru litlar plastkúlur sem nýttar eru sem hráefni til framleiðslu á nýjum afurðum úr plasti.



Endurvinnsla á plasti hefur í för með sér talsverðan umhverfislegan ávinning. Endurvinnslan krefst minni orku en frumvinnsla og kemur í veg fyrir sóun náttúruauðlinda. Einnig sparast talsvert pláss á urðunarstöðum, en það getur tekið plast um 500 ár að eyðast í náttúrunni. Það er því hagur okkar allra að ganga vel frá plastinu svo hægt sé að nýta það góða endurvinnsluhráefni sem plastið er.



Frekari upplýsingar um flokkun og frágang á plastinu veitir starfsfólk umhverfissviðs Íslenska Gámafélagsins á umhverfissvid@gamur.is eða í síma 577-5757.